



BRENNU-NJÁLS SAGA

SEINNI HLUTI

Endursögn Brynhildar Þórarinsdóttur

Myndskreytingar Halldór Baldursson

BRENNU-NJÁLS SAGA SEINNI HLUTI

NJÁLSSONA SAGA OG KÁRA



Endursögn Brynhildar Þórarinsdóttur
Myndskreytingar Halldór Baldursson



MENNTAMÁLASTOFNUN

Brennu-Njáls saga – seinni hluti

Njálssona saga og Kára

ISBN 978-9979-0-2164-3

© 2015 endursögn: Brynhildur Þórarinsdóttir

© 2015 teikningar: Halldór Baldursson

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Faglegur yfirlestur: Baldur Sigurðsson dósent í íslensku

á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Málfarsyfirlestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2015

NÁMSGAGNASTOFNUN

Kópavogi

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfundar og útgefanda.

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentun: Oddi ehf, umhverfisvottuð prentsmiðja

EFNISYFIRLIT

Persónur	4
Njálssona saga og Kára	7
Meira um söguna	58





PERSONUR

Njáll

er spakur að viti og sér fram í tímann. Hann hjálpar fjölskyldu og vinum en hvað kalla synir hans yfir hann?


Njálssynir

eru Skarphéðinn, Helgi og Grímur. Eru þeir jafn friðsamir og skynsamir og pabbi þeirra?



Þráinn

kemur Njálssonum í lífshættu í Noregi en neitar að bæta þeim skaðann. Hvar skyldu jaxlarnir úr honum enda?



Höskuldur

sonur Práins fer í fóstur til Njáls og verður eins og litli bróðir Njálssona. Hvernig endar það bræðralag?



Hildigunnur

er ekkja Höskuldar og krefst hefndar eftir hann. Hvernig fær hún Flosa frænda sinn í lið með sér?

Flosi

Hvað gerir jafn kappsamur höfðingi og Flosi þegar dómstólaleiðin mistekst?



Kári

er besti vinur Njálssona og kvæntur systur þeirra. Sleppur logandi úr Njálsbrennu en skyldi hann ná að hefna?



BRENNU-NJÁLS SAGA

FYRRI HLUTI

HALLGERÐAR SAGA OG GUNNARS

Njáll hét maður og var Þorgeirsson. Hann bjó að Bergþórshvoli í Landeyjum. Hann var mikill lögmaður, vitur og forspár, friðsamur og ráðagóður. Njáli óx ekki skegg. Kona Njáls hét Bergþóra Skarphéðinsdóttir og áttu þau sex börn, þrjá syni og þrjár dætur; Þorgerði og Helgu en ekki er þess getið hvað sú þriðja hét. Elsti sonurinn hét Skarphéðinn. Hann var mikill vexti og styrkur, vel vígur, syndur sem selur og hljóp manna hraðast. Hann var jarpur á hár eða rauðhærður, fülleitur og skarpleitur, nokkuð munnljótur og þó manna hermannlegastur. Grímur hét sá næsti. Hann var svartur á hár og fríðari en Skarphéðinn og bæði mikill og sterkur. Helgi hét hinn þriðji. Hann var fríður maður og vel hærður, sterkur og vel vígur. Hann var vitur maður og stilltur.

Þegar saga þessi hefst hafði Njáll nýverið misst góðan vin, Gunnar Hámundarson á Hlíðarenda. Gunnar féll í bardaga en þó hafði Njáll reynt að forða honum frá átökum. Gunnar var mörgum mönnum harmdauði en orðstír hans lifði um land allt og barst

meira að segja út fyrir landsteinana. Gunnar lét eftir sig eiginkonu, Hallgerði langbrók, og tvo syni, Högna og Grana. Hallgerður hafði staðið í illdeilum við Bergþóru, konu Njáls, sem leitt höfðu til mannvíga. Hún hafði blandað tengdasyni sínum, Þráni Sigfússyni á Grjótá, inn í deilurnar. Sökum þessa voru Hallgerður og Þráinn í litlum metum hjá Bergþóru og sonum þeirra Njáls.

Eftir dauða Gunnars flutti Hallgerður til Þráins og Þorgerðar dóttur sinnar að Grjótá og eftirlét Högna Hlíðarenda. Grani flutti með henni og kemur talsvert við sögu í þeim átökum Njálssona og Grjótármanna sem hér er skýrt frá.



Sama sumar og Gunnar var veginn hugðu ýmsir ungir menn í héraðinu á að fara utan og var Þráinn Sigfússon einn þeirra. Þráinn sigldi til Noregs og fór til Þrándheims á fund Hákonar jarls sem þá réð yfir Noregi. Þegar jarlinn frétti að hann væri frændi Gunnars á Hlíðarenda bauð hann honum að vera með sér um veturinn. Sumarið eftir sýndi Þráinn mikla hreysti þegar hann drap herskáan víking og útlaga jarls. Hann fékk glæsilegt skip að launum og naut mikillar sæmdar með jarli.

Tveir synir Njáls, Helgi og Grímur fóru einnig utan um sumarið. Þeir komu að Bretlandseyjum og lentu þar í hörðum bardaga við víkinga. Í miðjum klíðum siglir að þeim ókunnur floti, eigi færri en tíu skip. Á fremsta skipinu stendur maður við siglu. Hann er í silkitreyju og hefur gylltan hjálm en hárið bæði mikið og fagurt. Hann hefur gullrekið spjót í hendi. Hann segist heita Kári Sölmundarson og koma úr Suðureyjum. Kári gekk til liðs við Njálssyni með hersveit sína og saman lögðu þeir víkingana að velli.

Kári var
hirðmaður
Sigurðar
Orkneyjarls og
bauð Helga og
Grími með sér til
hans. Bræðurnir
gerðust
hirðmenn
jarlsins um
veturinn og
öfluðu sér
mikillar frægðar
með honum.



Þeir sigldu síðan í hernað með Kára og höfðu hvarvetna sigur og mikið fé. Loks héldu þeir til Noregs en þaðan hugðust þeir sigla til Íslands. Þráinn var þá enn í Noregi.



Maður er nefndur Hrappur Örgumleiðason. Hann var kallaður Víga-Hrappur. Hann hafði verið dæmdur í útleið frá Noregi og var á flótta undan Hákon jarli. Þráinn og Njálssynir höfðu búið skip sín til hafs þegar Hrappur kemur til þeirra og biður þá að flytja sig. Helgi og Grímur neituðu að taka hann um borð en hann gat fengið Þráin til að taka við sér. Eftir það sigldi Þráinn af stað til Íslands. Hákon jarl varð ævareiður er hann komst að svikum Þráins. Hann grunaði Njálssyni um græsku og sneri reiði sinni gegn þeim, þar sem þeir biðu eftir Kára. Varð þar mikill bardagi. Helgi og Grímur vörðust fimlega og vógu hvor sinn liðsmann jarls áður en þeir voru handsamaðir. Fyrir tilstilli Kára sættist jarlinn þó við þá um síðir og gaf þeim öllum fararleyfi til Íslands.

Kári var á Bergþórshvoli þennan vetur og varð góður vinur Skarphéðins. Um vorið bað hann

Helgu Njálsdóttur og fékk hennar. Hann keypti land að Dyrhólum í Mýdal en þau Helga voru þó jafnan að Bergþórshvoli.

Práinn hafði fengið Hrappi bú sem hann kallaði Hrappsstaði. Hann var þó lengstur að Grjótá og sögðu sumir að kært væri milli þeirra Hallgerðar langbrókar. Hrappur þótti öllu spilla en Práni líkaði þó vel við hann. Njálssonum líkaði hins vegar enn verr við Práin en áður. Helgi og Grímur gátu ekki gleymt hrakningunum sem hann kallaði yfir þá í Noregi og fannst að hann ætti að sýna þeim einhvern sóma í staðinn. Þeir fréttu að illa væri talað um þá á Grjótá og að ráði Njáls sögðu þeir mörgum í sveitinni hvernig farið var með þá í Noregi.

Einn daginn fóru þeir bræður og Kári til Grjótár til þess að ræða þessi mál við Práin. Hann tók á móti þeim í dyrunum og voru vopnaðir menn allt í kringum hann. Hallgerður var einnig þar í anddyrinu.

„Allir séum við velkomnir,“ segir Skarphéðinn.

„Hér mun enginn segja að þið séuð velkomnir,“ svarar Hallgerður.

„Orð þín skipta engu því þú ert annaðhvort



hornkerling eða púta,“ segir Skarphéðinn.

„Goldin skulu þér þessi orð áður en þú ferð heim,“ svarar Hallgerður.

Helgi spyr Þráin hvort hann ætli að sýna þeim einhverja sæmd fyrir hrakningarnar en Þráinn tekur því fjarri.

Hallgerður rifjar þá upp viðurnefni sem áður

höfðu leitt til átaka: „Farið heim taðskegglingar,“ segir hún, „og munum við kalla ykkur þetta héðan í frá en föður ykkar karl hinn skegglaus.“

Bræðurnir og Kári sneru heim og sögðu frá þessum móðgunum. Njáll vildi vita hvort þeir hygðust leita til dómstóla. „Við munum hvergi sækja þetta mál nema á vopnaþingi,“ segir Skarphéðinn.



Þráinn hafði sextán vopnaða karla á Grjótá og riðu átta með honum hvert sem hann fór. Tryggustu fylgdarmenn hans voru Gunnar Lambason, Lambi Sigurðarson og Grani sonur Hallgerðar og Gunnars á Hlíðarenda. Hrappur gekk honum þó jafnan næst. Eitt sinn að vetrarlagi fór Þráinn í boð til vinar síns, og hafði að venju átta fylgdarmenn. Hann reið í blárri kápu eins og jafnan og hafði gylltan hjálm og spjót í hendi, fagran skjöld og gyrtur sverði. Mennt hans höfðu allir alvæpni.

Á leiðinni hittu þeir fátækar förukonur og reiddu þær yfir Markarfljót. Konurnar fóru þegar að Bergþórshvoli og sögðu Bergþóru að Þráinn hefði talað illa um Njál og syni þeirra. Bergþóra gaf þeim þá gjafir til að fréttu hvenær Þráinn riði

til baka og sögðu þær henni það. Bergþóra sagði sonum sínum og Kára frá þessu.

Morguninn sem Þráinn skyldi ríða heim vaknar Njáll snemma og heyrir að öxi kemur við þilið. Stendur hann þá upp og gengur út og sér að synir hans og Kári eru allir með vopnum. Skarphéðinn var fremstur. Hann var í bláum stakki og hafði skjöld og öxi sína reidda um öxl. Næst honum gekk Kári. Hann var í silkitreyju og hafði gylltan hjálm og skjöld með ljónsmynd á. Næst honum gekk Helgi. Hann var í rauðum kyrtli með hjálm og rauðan skjöld með hirti á. Allir voru þeir í litklæðum.

„Hvert skal fara?“ kallar Njáll.

„Í sauðaleit,“ svarar Skarphéðinn.

„Svo var einnig eitt sinn fyrr og veidduð þið þá menn,“ segir Njáll.

Skarphéðinn hló að og mælti. „Heyrið þið hvað karl faðir okkar segir, ekki er hann grunlaus.“

„Hvenær mæltir þú þetta fyrr?“ spyr Kári.

Skarphéðinn svarar að þá hafi hann vegið mann í hefndarskyni.

Njáll gekk inn en þeir fóru upp í Rauðaskriður og fylgdust með ferðum Þráins. Sólskin var um daginn og heiðviðri. Þráinn og menn hans komu



ríðandi og sáu blika á skildina. Þeir sneru þá ofan með Markarfljóti en Njálssynir og Kári fóru ofan með fljótinu hinum megin.

Mikið svell var fyrir austan fljótið og svo hált sem gler. Þeir Þráinn nema staðar á miðju svellinu. Hann fer úr kápunni og tekur af sér hjálminn. Skarphéðinn hafði orðið eftir til að hnýta skóþveng sinn en kemur nú hlaupandi, stekkur yfir fljótið og rennir sér fótskriðu á ísnum svo hratt sem fugl flygi. Í þann mund sem Þráinn ætlaði að setja á sig hjálminn heggur Skarphéðinn til hans með öxinni og í höfuðið og klauf ofan í jaxlana svo að þeir féllu

niður á ísinn. Þessi atburður varð með svo skjótri svipan að enginn kom höggi á hann.

Þeir Grímur og Helgi sjá hvar Hrappur er og snúa þegar að honum. Hrappur heggur til Gríms með öxinni en Helgi sér þetta og heggur af honum höndina.

Hrappur mælti: „Hér hefir þú unnið mikið nauðsynjaverk því að þessi hönd hefur mörgum manni mein gert og bana.“

„Hér skal nú endir verða á,“ segir Grímur og leggur spjóti í gegnum hann. Kári vegur annan mann en Skarphéðinn grípur þá báða í einu,



Gunnar Lambason og Grana Gunnarsson, og mælti:
„Tekið hef ég hér hvolpa tvo, hvað skal við þá gera?“

„Þú hefur kost á að drepa þá báða,“ svarar Helgi.

„Ekki nenni ég að eiga Högna að vini en drepa bróður hans,“ svarar Skarphédinn.

„Koma mun að því að þú vildir hafa drepið þá, því að þeir munu aldrei verða þér trúir og enginn þeirra sem hér er,“ segir Helgi.

„Ekki mun ég hræðast þá,“ segir Skarphédinn.

Þeir slepptu Grana, Gunnari og Lamba og sneru heim á Bergþórshvol.

Njáli þóttu þetta mikil tíðindi og spáði því að átökin myndu leiða til dauða eins sonar síns ef ekki yrði meira að.



Þráinn átti sex bræður er nefnast hér Sigfússynir. Ketill hét einn þeirra, hann bjó í Mörk austan við Markarfljót. Hann átti Þorgerði dóttur Njáls. Ketill kom að máli við Njál um bætur fyrir víg Þráins. Njáll tók því vel og bað Ketil að kalla saman alla þá sem áttu rétt á bótum. Ketill kallaði bræður sína saman til fundar á Hlíðarenda og greiddi Njáll fé allt af hendi vel og skörulega.

Þráinn lét eftir sig ungan son er Höskuldur hét.

Njáll fékk Ketil til að bjóða honum fóstur og flutti drengurinn í Mörk. Einhverju sinni kemur Njáll í Mörk og ræðir við sveininn: „Veist þú hvað varð föður þínum að bana?“ spyr Njáll.

Sveinninn svarar: „Ég veit að Skarphéðinn vó hann og þurfum við ekki að minnast á það sem sæst hefur verið á og fullar bætur greiddar fyrir.“

Njáli þótti svarið gott. Hann bauð Höskuldi fóstur og flutti drengurinn á Bergþórshvol. Njáll unni honum mikið og synir hans einnig. Þeir leiddu hann eftir sér og gerðu honum allt til sóma.

Höskuldur óx úr grasi og varð bæði mikill og sterkur. Hann var manna fríðastur sýnum og hærður vel, manna best vígur, blíður í máli, örlátur og stilltur, vinsæll og talaði vel um alla menn.



Flosi Þórðarson bjó að Svínafelli í Öræfum. Hann var mikill höfðingi, stórvaxinn og styrkur og manna kappsamastur. Hildigunnur Starkaðardóttir var bróðurdóttir Flosa. Hún var skörungur mikill og kvenna fríðust sýnum. Hún var allra kvenna grimmust og skaphörðust en drengur góður. Flosi hafði lofað að gifta hana ekki goðorðslausum manni.

Njáll kom að máli við Höskuld og lagði til að hann bæði Hildigunnar. Höskuldur fór að ráði hans og tók Flosi honum vel. En Hildigunnur setti það fyrir sig að Höskuldur átti ekki goðorð. Njáll fékk þriggja vetra frest til að ráða fram úr því. Þegar enginn vildi selja Höskuldi goðorð sitt kom Njáll fram lagabreytingu á Alþingi sem heimilaði honum að taka upp nýtt goðorð á Hvítanesi handa Höskuldi og kallaðist hann eftir það Höskuldur Hvítanesgoði.



Hildigunnur var þá föstnuð Höskuldi og brúðkaup haldið. Njáll keypti handa þeim land í Ossabæ og fluttu þau þangað. Afar kært var með sonum Njáls og Höskuldi og voru þeir gjarnan saman í ferðum. Hvert haust buðu þeir hver öðrum heim og gáfu stórgjafir. Fer svo lengi fram.



Þau tíðindi urðu í Noregi að Hákon jarl féll en Ólafur Tryggvason var tekinn til konungs. Ólafur hafði kristnað Hjaltland, Orkneyjar og Færeyjar og vildi nú kristna Ísland. Margir mæltu að mikil firn væru að hafna fornum sið og átrúnaði en Njáll og fleiri mæltu hinum nýja sið bót. Þegar Ólafur konungur sendi Þangbrand til Íslands að boða kristni tók Njáll trú og allt hans heimafólk. Árið eftir var úrskurðað á Alþingi að Íslendingar skyldu vera kristnir.

Maður er nefndur Mörður. Hann var sonur Valgarðs hins gráa, er verið hafði goðorðsmaður í Rangárþingi. Valgarður hafði eftirlátið syni sínum goðorðið en var sjálfur í kaupferðum. Móðir Marðar var Unnur Marðardóttir. Hún var náfrænka Gunnars á Hlíðarenda og Þráins Sigfússonar.

Fáum árum eftir að kristni var lögtekin sneri Valgarður hinn grái til Íslands. Honum líkaði illa hversu margir höfðu yfirgefið gamla goðorðið hans til að vera með Höskuldi í hinu nýja Hvítanesgoðorði. Hann lagði til að Mörður losaði sig við bæði Höskuld og syni Njálss með því að kynda undir óvild á milli þeirra. Njálssynir myndu

þá drepa Höskuld og verða drepnir fyrir vikið.

Mörður fór að ráðum föður síns. Hann kom sér í mikla vináttu við Njálssyni og Kára, og gaf þeim gjafir. Síðan ræddi hann við Höskuld og reyndi að grafa undan vináttu þeirra. En Höskuldur trúði ekki rógi Marðar, sagðist heldur vilja deyja en gera bræðrunum mein. Mörður fór þá til Njálssona og rægði Höskuld. Þeir trúðu honum ekki í fyrstu en smátt og smátt tóku þeir að hatast við Höskuld og hættu loks að tala við hann.

Höskuldur fór til Svínafells um haustið að hitta Flosa. Flosi hafði heyrt af fáleikum hans og



Njálssona og bauð honum nýjan bústað til öryggis. Höskuldur afþakkaði það og sagðist ekki vilja flýja. Flosi spáði því þá að stór vandræði hlytust af þessum illindum. Þegar Höskuldur kvaddi gaf Flosi honum virðulega skarlatsskikkju að skilnaði.

Það var einn dag um vor að Mörður kom til Bergþórshvols og ræddi við Njálssyni og Kára. Mörður rægði Höskuld að vanda og eggjaði Skarphéðin að drepa hann. Skarphéðinn lét þá til leiðast með því skilyrði að Mörður tæki þátt í víginu. Skyldu þeir allir vinna á Höskuldi.

Um nóttina kemur Mörður að Bergþórshvoli. Njálssynir og Kári taka þá vopn sín og ríða í braut með honum. Þeir fara að Ossabæ og bíða hjá garði nokkrum. Veður var gott og sól upp komin.

Í þennan tíma vaknar Höskuldur. Hann fer í klæði sín og tekur yfir sig skikkjuna frá Flosa. Hann tekur kornkippu og sverð í aðra hönd og fer til gerðisins og sáir niður korninu.

Skarphéðinn sprettur upp undan garðinum en Höskuldur vill snúa undan. Þá hleypur Skarphéðinn að honum og mælir: „Þú skalt ekki hoga, Hvítanesgoðinn“ og heggur til hans og kom í höfuðið og féll Höskuldur á hnén. Hann mælti er hann féll: „Guð hjálpi mér en fyrirgefi ykkur.“



Þeir hlaupa þá allir að honum, bræður Skarphéðins, Kári og Mörður, og vinna á honum.

Bræðurnir og Kári fóru heim til Bergþórshvols og sögðu Njáli frá viginu.

„Hörmuleg tíðindi eru þetta,“ segir Njáll, „og illt að vita því að satt að segja þætti mér betra að hafa misst tvo syni mína og Höskuldur lifði.“

„Það er nokkur vorkunn,“ segir Skarphéðinn, „þú ert maður gamall og er von að þú takir þetta nærri þér.“

„Það er ekki síður það en ellin,“ segir Njáll, „að ég veit betur en þið hvað eftir mun koma.“

„Hvað mun eftir koma?“ segir Skarphéðinn.

„Dauði minn,“ segir Njáll, „og konu minnar og allra sona minna.“

„Hverju spáir þú fyrir mér?“ segir Kári.

„Erfitt verður fyrir þá að ganga á móti gæfu þinni,“ segir Njáll.

Njáll tók víg Höskuldar svo nærri sér að hann gat aldrei rætt um það ógrátandi.

Hildigunni dreymdi illa og þegar hún vaknaði fann hún að Höskuldur var horfinn úr rúminu. Hún sendi menn þegar í stað að leita að honum. Þegar

hún hafði klætt sig gekk hún með þeim út og fundu þau Höskuld veginn. Hildigunnur tók skikkju Höskuldar og þerraði blóðið allt með henni og braut svo saman og lagði niður í kistu sína.

Þar sem Mörður var goðorðsmaður kom það í hans hlut að fylgja málinu eftir fyrir hönd ættingjanna. Hann fór á vettvang og lýsti vígi Höskuldar á hendur Skarphéðni, bræðrum hans og Kára en nefndi aldrei sinn þátt. Vígið spurðist um allar sveitir og mæltist illa fyrir. Þegar Flosi frétti af því færði það honum áhyggjur og reiði og var hann þó vel stilltur. Hann reið í Ossabæ til Hildigunnar. Hún tók frænda sínum fagnandi og bauð honum inn. Hún settist hjá honum og töludu þau lengi saman. Þegar leið á kvöldið eggjaði hún Flosa æ ákveðnar til hefnda. Á endanum gekk hún til hans, greiddi hárið frá augum sér og grét.

Flosi mælti: „Skapþungt er þér nú frænka en það er þó vel að þú grætur góðan mann.“

Hún spurði hvernig hann myndi liðsinna henni.

Flosi svaraði að hann myndi annaðhvort sækja málið á þingi eða vinna að sáttum.

Hún mælti: „Hefna mundi Höskuldur þín.“

Flosi svaraði: „Ekki skortir þig grimmleik og er augljóst hvað þú vilt.“

Hildigunnur gekk þá fram í skálann og opnaði kistu sína. Hún tók upp skikkjuna, gekk þegjandi að Flosa og lagði hana yfir hann. Dundi þá blóðið um hann allan.

Hún mælti: „Þessa skikkju gafst þú Höskuldi og vil ég nú gefa þér hana aftur. Hann var veginn í henni. Skýt ég því til guðs og góðra manna að



ég særi þig fyrir alla krafta Krists þíns og fyrir manndóm og karlmennsku þína að þú hefnir allra þeirra sára sem Höskuldur hafði á sér eða heitir hvers manns níðingur ella.“

Flosi kastaði af sér skikkjunni og rak hana í fangið á henni og mælti: „Þú ert hið mesta forað og vilt að ég taki upp það sem kemur okkur öllum verst og eru köld kvenna ráð.“ Honum brá svo við að hann var í andliti stundum rauður sem blóð en stundum fögur sem gras en stundum blár sem hel.

Flosi reið á braut og hóf að safna liði fyrir málaferli á Alþingi. Hann leitaði til Sigfússoða, föðurbræðra Höskuldar, en með þeim voru nú vinir Þráins, þeir Lambi, Gunnar og Grani, sem Skarphéðinn hafði gefið grið við Markarfljót. Þeir voru allir illir í garð Skarphéðins og bræðra hans.

Njáll reið með sonum sínum að safna liði. Hann tryggði þeim liðveislu góðra höfðingja og fjölmennu þeir til Þingvalla eins og Flosi. Flosi var tilbúinn að sættast en líka harðákveðinn að skiljast ekki við málið fyrr en yfir lyki. Þegar dæma átti í málinu varð þáttur Marðar í víginu opinber. Víginu hafði ekki verið rétt lýst og lögsóknin runnin út í sandinn. Um leið og það varð ljóst stóð Njáll upp og mælti: „Svo sýnist mér sem mál þetta sé ónýtt

enda er það af illum rótum upp runnið. Vil ég gera ykkur kunnugt að ég unni meira Höskuldi en sonum mínum og heldur vildi ég hafa misst alla syni mína, og hann lifði.“ Njáll lagði til að málið yrði lagt í gerðardóm og féllst Flosi á það.

Gerðardómarnir úrskurðuðu að Höskuldur skyldi dýrari en nokkur annar maður. Fyrir hann skyldu koma þrenn manngjöld eða sex hundruð silfurs og skyldi allt féð greitt á þinginu. Þeir lögðu sjálfir fram helming fjárins, Njáll, synir hans og Kári reiddu fram það fé sem þeir höfðu tiltækt, en til viðbótar gáfu vinir þeirra svo mikið að engan pening vantaði á. Njáll tók þá silkislæður og skinnstígvél og lagði ofan á hrúguna.

Flosi hugði að fénu og sagði það bæði mikið og gott. Síðan tók hann upp slæðurnar og spurði hver hefði gefið þær, hann hló að en enginn svaraði.

Skarphéðinn mælti: „Hver heldur þú að hafi gefið þær?“

Flosi mælti: „Það held ég að faðir þinn, karl hinn skegglaus, hafi gert því að margir vita ekki þegar þeir sjá hann hvort hann er kona eða karlmaður.“

Skarphéðinn sagði illa gert að sneiða að gömlum manni. Síðan tók hann til sín slæðurnar



en kastaði bláum brókum til Flosa og kvað hann þarfnast þeirra frekar. „Því sagt er að þú sért brúður Svínfellsáss níundu hverja nótt og gerir hann þig að konu.“

Flosi hratt þá fénu og kvaðst engan pening vilja, annaðhvort yrði Höskuldur óbættur eða þeir myndu hefna

hans. Njáll mælti: „Nú kemur það fram er mér sagði hugur um, að okkur mundu þungt falla þessi mál. Það mun fram koma er öllum mun verst gegna.“

Stuttu síðar stefndi Flosi stuðningsmönnum sínum í Almannagjá til að leggja á ráðin um hefnd. Þar söfnuðust hundrað menn saman. Þeir sóru hver öðrum trúnaðareiða og ákváðu að hittust við Prihyrningshálsa þegar átta vikur væru til vetrar. Þaðan myndu þeir ríða til Bergþórshvols og sækja Njálssyni með eldi og járni þar til þeir væru allir

dauðir. Flosi bað menn að leyna þessari ráðagerð því að líf þeirra lægi við.

Riðu nú allir heim af þingi.

Njáll og synir hans voru allir á Bergþórshvoli um sumarið. Kári var þar með þeim því hann sagði að eitt skyldi yfir hann og syni Njáls ganga. Þar voru jafnan um þrír tugir vígra karla með húskörlum.



Kerling nokkur var á Bergþórshvoli er Sæunn hét. Hún var fróð og framsýn en orðin mjög gömul og kölluðu Njálssynir hana gamalæra. Þó gekk flest

eftir sem hún mælti. Það var einn dag að Sæunn þreif lurk í hönd sér og gekk að arfasátu einni. Hún barði hrúguna og bað hana aldrei þrifast. Skarphéðinn hló að og spurði hví hún abbaðist upp á arfann.



Sæunn svaraði að arfasátan yrði tekin og kveiktur í henni eldur þegar Njáll og Bergþóra yrðu brennd inni. Kerling klifaði allt sumarið um arfasátuna en þó fórst ávallt fyrir að fjarlægja hana.




Þegar átta vikur voru til vetrar stefndi Flosi öllum sínum mönnum til Svínafells. Þaðan riðu þeir saman og komu daginn eftir á Þríhyrningshálsa. Sama dag fóru Grímur og Helgi frá Bergþórshvoli og hugðust ekki koma heim um kvöldið. Nokkrar farandkonur urðu á vegi þeirra, þær sögðu þeim að þær hefðu séð Sigfússyni ríða með alvæpni og stefna upp á Þríhyrningshálsa. Bræðurnir vissu þá að lið Flosa væri komið til að hefna og ákváðu að snúa heim.

Þetta sama kvöld bauð Bergþóra hjúum sínum að velja sér kvöldmat og sagði að þetta væri í síðasta sinn sem hún bæri mat á borð fyrir sitt fólk. Til marks um að orð hennar gengju eftir skyldu menn sjá að Grímur og Helgi kæmu heim áður en menn væru mettir.

Þegar Bergþóra hafði borið matinn á borð sýndist Njáli eins og gaffveggirnir væru hrundir og blóðugt bæði borðið og maturinn. Öllum fannst mikið um þessa sýn öðrum en Skarphéðni.

Þeir Grímur og Helgi komu heim áður en matur var tekinn af borðum og brá mönnum mjög við það. Njáll spurði hví þeir kæmu fyrr en þeir ætluðu. Þeir sögðust hafa heyrt af ferðum Flosa. Njáll bað menn þá að vera vara um sig og fara ekki að sofa.



Pegar kvöldaði riðu Flosi og liðsmenn hans í átt að Bergþórshvoli. Þeir bundu hesta sína skammt frá og höfðu hljótt um sig. Þegar leið á kvöldið gengu þeir að bænum, þétt saman, hægt og rólega.

Njáll stóð úti og allir heimamenn og voru nærri þrír tugir vopnaðra manna á hlaðinu. „Sjáið þið hversu mikið lið þeir hafa?“ spurði Njáll.



„Þeir hafa bæði mikið lið og harðsnúið,“ segir Skarphéðinn.

Njáll lagði til að þeir færu inn en Skarphéðinn mótmælti: „Þeir munu sækja okkur með eldi um leið og þeir geta ekki annað því að þeir munu allt til vinna að drepa okkur.“

„Gerum eins og faðir okkar vill,“ segir Helgi, „það mun okkur best gegna.“ Skarphéðinn sagði föður þeirra vera feigan: „En ég get vel gert það fyrir hann að brenna inni með honum því að ég hræðist ekki dauða minn.“ Hann bað Kára að þeir fylgdust að og mælti: „Þú hefnir okkar, en við þín ef við lifum lengur.“

Kári samþykkti það og gengu þeir þá allir inn.

Flosi mælti: „Nú eru þeir feigir. Nú skulum við raða okkur sem þéttast fyrir dyrnar svo að enginn komist út, því að það verður okkar bani.“

Menn Flosa hófu þegar að leggja til þeirra sem inni stóðu. Einn þeirra lagði til Skarphéðins en Skarphéðinn hjó spjótið af skaftinu og síðan í gegnum skjöld mannsins og féll hann dauður niður. Kári, Grímur og Helgi lögðu út mörgum spjótum og særðu marga menn en þeir Flosi gátu ekkert að gert.

Flosi mælti: „Við höfum fengið mikinn skaða

á mönnum okkar. Nú er ljóst að við munum aldrei geta sigrað þá með vopnum. Eru nú tveir kostir til og er hvorugur góður. Annar er að hverfa frá og verður það okkur að bana, hinn er að bera eld að og brenna þá inni og er það stór ábyrgðarhlutur fyrir guði því að við erum kristnir. En þó munum við það til bragðs taka.“



Þeir tóku nú eld og gerðu mikið bál fyrir framan dyrnar. Þá báru konur mysu í eldinn til að slökkva hann en sumar báru vatn eða hland. Menn Flosa kveiktu þá eld í arfasátunni og báru inn undir loftið í skálanum. Þeir sem inni voru urðu ekki varir við eldinn fyrr en allur skálinn logaði yfir þeim.

Njáll hughreysti heimafólk sitt og bað það að sýna æðruleysi. Hann gekk til dyra og spurði hvort Flosi heyrði til hans.

Flosi kvaðst heyra.

Njáll mælti: „Vilt þú taka sættum við syni mína eða leyfa nokkrum mönnum útgöngu?“



Flosi svaraði: „Ég vil ekki sættast við syni þína, við munum ekki hverfa frá fyrr en þeir eru allir dauðir. En ég skal leyfa konum, börnum og húskörlum að ganga út.“

Njáll gekk þá inn og bað þá að ganga út sem hefðu til þess leyfi. Konurnar á bænum hvöttu Helga til að klæðast kvenbúningi og ganga út með þeim. Hann lét til leiðast og lögðu þær yfir hann kvenskikkju og földuðu hann með höfuðdúki.

Helgi gekk út með konu sinni, systur, mágkonum og fleira fólki. En er hann kom út þá mælti Flosi: „Þessi kona er hávaxin og mikil um herðar. Takið hana og haldið henni.“

Þegar Helgi heyrði þetta kastaði hann skikkjunni. Hann var með sverð undir henni og hjó til næsta manns og í sundur skjöld hans og af honum fótinn. Þá kom Flosi að og hjó á hálsinn á Helga svo að þegar tók af höfuðið.

Flosi gekk þá að dyrum og kallaði: „Ég vil bjóða þér útgöngu Njáll bóndi því að þú brennur saklaus inni.“

Njáll mælti: „Ég vil ekki ganga út því ég er orðinn gamall og lítt fær um að hefna sona minna en ég vil ekki lifa við skömm.“

Flosi mælti þá til Bergþóru: „Gakk þú út

húsfreyja því að ég vil fyrir engan mun brenna þig inni.“

Bergþóra mælti: „Ég var ung gefin Njáli og hef heitið því að eitt skyldi ganga yfir okkur bæði.“

Síðan gengu þau bæði inn.

Bergþóra mælti: „Hvað skulum við nú til ráða taka?“

„Göngum til hvílu,“ segir Njáll, „og leggjumst niður, ég hef lengi kvöldsvæfur verið.“

Þórður Kárason dóttursonur þeirra var með þeim. Hann var í fóstri á Bergþórshvoli. Bergþóra bað hann að fara út. Hann svaraði: „Þú lofaðir mér, amma, að við myndum aldrei skilja meðan ég vildi vera hjá þér. Mér þykir miklu betra að deyja með ykkur en lifa eftir.“

Hún bar þá sveininn til hvílunnar.

Njáll bað bryta sinn að að breiða yfir þau uxahúð og leggja á minnið hvar þau væru svo að bein þeirra myndu finnast. Þau lögðust niður í rúmið og lögðu sveininn á milli sín. Þá signdu þau sig og sveininn og fólu guði anda sinn og það var það síðasta sem heyrðist til þeirra.



Skarphéðinn hafði séð að faðir hans gekk til hvílu. Hann mælti: „Snemma fer faðir vor í rekkju og er það sem von er. Hann er maður gamall.“

Menn Flosa skutu spjótum inn en Skarphéðinn, Kári og Grímur gripu þau öll á lofti og sendu út aftur. Flosi bað þá hætta að skjóta og bíða þess að eldurinn ynni á þeim.

Þá féllu stórviðirnir úr rjáfrinu niður. Skarphéðinn mælti: „Nú mun faðir minn vera dauður og hefur hvorki heyrst til hans stuna né hósti.“

Þeir gengu í skálaendann. Þar hafði þvertréð fallið niður og var brunnið mjög í miðju. Kári sagði Skarphéðni að hlaupa þar út, hann myndi sjálfur koma á eftir. „Nei, þú skalt hlaupa fyrri en ég mun þegar á hæla þér“, svaraði Skarphéðinn. „Þetta verður skilnaður okkar,“ sagði Kári.

„Það hlægir mig,“ segir Skarphéðinn, „ef þú kemst burt að þú munt hefna okkar.“

Þá tók Kári upp logandi bjálka og hleypur út eftir þvertrénu. Hann hendir bjálkanum út af þekjunni og ofan á þá sem voru fyrir utan. Þeir hlupu undan. Þá loguðu klæðin öll á Kára og svo hárið. Hann steypir sér út af þekjunni og stiklar svo með reyknunum.



Þá mælti sá sem þar var næstur: „Stökk maður út af þekjunni?“

„Fjarri fór það,“ sagði annar, „Skarphéðinn kastaði logandi bjálka að okkur.“

Kári hljóp þar til hann kom að læk einum og kastaði sér ofan í hann og slökkti á sér eldinn. Þaðan hljóp hann með reyknum í gróf nokkra og hvíldi sig og er hún síðan kölluð Káragróf.

Nú er að segja frá Skarphéðni að hann hleypur út á þvertréð á eftir Kára. En er hann kom þangað sem mest var brunnið þá brast það undir honum.

Skarphéðinn kom fótum undir sig og reyndi í annað sinn að hlaupa upp vegginn en þá féll yfir hann þakásinn og hrasaði hann inn aftur. Hann mælti þá: „Séð er nú hvað verða vill.“

Gunnar Lambason hljóp upp á vegginn og mælti: „Grætur þú nú Skarphéðinn?“

„Ekki er það,“ segir Skarphéðinn, „en hitt er satt að súrnar í augunum. En er það satt sem mér sýnist, hlærð þú?“

„Svo er víst,“ segir Gunnar, „og hef ég aldrei fyrr hlegið síðan þú vóst Þráin á Markarfljóti.“

Skarphéðinn mælti: „Þá er hér nú minjagripur.“ Hann tók jaxl úr þússi sínu er hann hafði höggvið úr Þráni og kastaði til Gunnars og kom í augað svo að þegar lá úti á kinninni. Féll Gunnar þá ofan af þekjunni.

Skarphéðinn gekk til Gríms bróður síns og héldust þeir í hendur og tróðu eldinn. En er þeir komu í miðjan skálann féll Grímur dauður niður. Skarphéðinn gekk til enda hússins. Þá varð brestur mikill og öll þekjan féll niður. Klemmdist Skarphéðinn þar fastur og mátti sig hvergi hræra.

Þeir Flosi voru við eldana langt fram á morgun. Þá kom þar maður einn riðandi. „Þið hafið unnið mikið stórvirki,“ segir hann.

Flosi svarar: „Bæði munu menn kalla þetta stórvirki og illvirki.“

„Hversu margir hafa látist hér,“ spyr maðurinn.

Flosi sagði honum lát Njáls og Bergþóru og sona þeirra allra, Þórðar Kárason og Kára Sölmundarsonar.

Maðurinn mælir: „Dauðan segir þú þann sem ég ræddi við í morgun.“

„Hver er sá?“ segir Flosi.

„Kári Sölmundarson og var brunnið af honum hárið og klæðin.“

„Hafði hann nokkur vopn?“ segir Flosi.

„Hann var með sverð,“ segir maðurinn, „það hafði dignað í eldinum en hann sagðist ætla að herða það í blóði Sigfússona eða annarra brennumanna.“

Flosi varaði menn sína við og minnti á að Kári gengi næst Gunnari á Hlíðarenda um alla hluti. „Skuluð þið nú hugsa um það að svo mikil eftirmál munu verða um brennu þessa að margan mun það gera höfuðlausan en sumir munu missa allt sitt fé.“ Hann áminnti þá um að hælást ekki yfir dauða Njáls, því þeim væri enginn sómi í að hafa brennt hann inni. Einn manna hans spurði hvort Skarphéðinn væri dauður og heyrðist hann þá



kveða vísu
innan úr
eldinum sem enn
blossaði upp við og
við.

„Hvort mun hann
hafa kveðið lifandi eða
dauður?“ spyr Grani Gunnarsson.

„Engum getum mun ég um það leiða,“ segir
Flosi. Grani vildi þá leita í rústunum en Flosi kom
í veg fyrir það og hvatti menn sína til að forða sér.

Daginn eftir fékk Kári menn með sér að leita
í rústunum. Þeir fundu uxahúðina og tóku upp
og voru Njáll og Bergþóra óbrunnin undir. Síðan
var sveinninn tekinn er legið hafði milli þeirra.

Einungis var brunninn af honum einn fingur sem hann hafði rétt upp undan húðinni.

Þá leituðu þeir Skarphéðins og fannst hann þar sem menn höfðu heyrnt vísuna kveðna. Fæturnir voru brunnir upp að hnjám en allt annað óbrunnið. Hann hafði bitið á jaxlinn og var með opin augu. Hann hafði rekið öxi sína, Rimmugýgi, í vegginn. Kári lagði til að Þorgeir skorargeir, bróðursonur Njáls fengi öxina, því hann væri nú mestur manna í ætt hans.

Þeir leituðu Gríms og fundu bein hans í miðjum skálanum. Alls fundu þeir bein af ellefu mönnum og fluttu þau til kirkju.

Ásgrímur Elliða-Grímsson, tengdafaðir Helga Njálssonar, bauð öllum sem búið höfðu á Bergþórshvoli að dvelja hjá sér. Kári gat ekki sofið á nóttunni og talaði oft um Njál og Skarphéðin. Aldrei ámælti hann þó óvinum sínum eða talaði illa um þá.



Kári og Flosi hófu báðir að safna liði. Um sumarið riðu þeir til þings með mikinn fjölda stuðningsmanna. Til Þingvalla komu nú höfðingjar úr öllum fjórðungum á landinu og hafði aldrei

verið jafnfjölmennt þing áður svo að menn myndu.

Kári og Þorgeir skorargeir sóttu málið gegn mörgum af brennumönnum en Mörður Valgarðsson fékk það hlutverk að sækja Flosa til saka. Flosi réð sér hins vegar kænana lögmann sem beitti lagaklækjum til að hrekja málið. Spunnust hin mestu málaferli þar sem ýmist hafði betur sóknin eða vörnin. Þegar ljóst var að málið væri að renna út í sandinn varð kall mikið um allan her Kára og síðan var æpt heróp. Þeir Flosi snerust við og varð þar allharður bardagi. Kári vó tvo menn úr liði Flosa en særði fleiri, en Þorgeir skorargeir vó einn með Rimmugýgi. Liðsmenn Kára sóttu fast að þeim Flosa svo að þeir hrukku undan. Brast þá flótti í liði Flosa en her Kára fór á eftir þeim.

Flosi skaut spjóti í liðsmann Kára og varð það hans bani. Félagi hans tók spjótið úr sárinu og skaut aftur að Flosa og kom á fótinn og fékk hann mikið sár og féll við.

Þá varð hvíld nokkur á bardagann. Voru þá sett grið og skyldu þau haldast um þingið. Lík manna voru nú færð til kirkju en bundin sár þeirra sem særðir voru.

Daginn eftir gengu menn til Lögbergs og talaði Síðu-Hallur, tengdafaðir Flosa fyrir sáttum. Kári tók



Því fjarri að sættast á sín mál og kvaðst Þorgeir skorargeir standa með honum. Fyrir orð virtra manna féllust höfðingjarnir úr liði Kára hins vegar á að taka sáttum. Flosi kvaðst þá einnig reiðubúinn að sættast. Var þá handsalað í 12 manna dóm og gert um brennumálin. Njál skyldi bæta þrennum manngjöldum en Bergþóru tvennum. Víg Skarphéðins skyldi jafnt og víg Höskuldar Hvítanesgoða. Tvennum manngjöldum skyldi bæta hvorn þeirra, Grím og Helga. Þá skyldu ein manngjöld koma fyrir hvern hinna er brunnið höfðu inni. Á víg Þórðar Kárasonar var ekki sæst.

Flosi var dæmdur í útlegð og allir brennumenn. Ef þeir yrðu ekki farnir eftir þrjá vetur væri leyfilegt að drepa þá. Var þessi sætt nú handsöluð og efndist öll. Höfðu nú allir ættingjar og vinir Njáls samið um sættir nema Kári og Þorgeir skorargeir.



Kári og Þorgeir héldu nú saman í hefndarför. Þeir fundu Sigfússyni og menn þeirra austur í Kerlingardal og voru þeir fimmtán saman. Þorgeir reiddi Rimmugýgi báðum höndum og hjó tvo menn til bana í fyrsta höggi. Kári var með spjót í

annarri hendi en sverð í hinni og lagði þrjá menn að velli.

Ketill úr Mörk sá í hvað stefndi og mælti: „Hlaupum til hesta okkar, við ráðum ekki við þessa ofureflismenn.“ Þeir riðu þá undan tíu saman en Þorgeir spurði Kára hvort hann vildi elta. Kári neitaði því og sagðist ekki vilja ráðast á Ketil því þeir væru kvæntir systur. Þeir létu þá gott heita.

Síðu-Hallur ráðlagði Flosa að sættast nú við Þorgeir skorargeir. Kári hvatti Þorgeir einnig til sátta en vildi þó ekki sjálfur sættast. Hann sagðist hafa hefnt brennunnar en ekki sonar síns og ætla sér einum að hefna hans.

Þorgeir og Flosi sættust þá að fullu. Kári bað Þorgeir að annast Helgu konu sína og dætur og allt sitt fé meðan hann lyki hefndinni. Eftir það reið hann upp í Þórsmörk og kom í bæinn Mörk. Þar bjuggu Björn hvíti Kaðalsson og Valgerður kona hans en hún var frænka Gunnars á Hlíðarenda. Valgerður hafði verið gefin Birni til fjár og unni honum lítið. Björn var maður sjálfhælinn en húsfreyju hans þótti það illt.

Kári bað Björn að vera í ferðum með sér. Björn tók vel í það. „Hvorki tel ég mig skorta,“ segir hann, „skyggneik né áræði eða nokkra karlmennsku.“

Valgerður heyrði þetta og mælti: „Tröll hafi þitt hól og skrum.“ Hún varaði Kára við að treysta á harðræði bónda síns.

Björn mælti: „Oft hefir þú veitt mér ámæli en ég treysti mér svo vel að ég mun fyrir engum manni á hæl hopa. Raunin er að fáir ráðast á mig því engir þora.“

Kári var um skeið á laun í Mörk. Dag einn komst Björn á snoðir um ferðir Sigfúsosona og bað Kári hann þá að ríða með sér og sitja fyrir þeim. Björn mælti: „Þetta er mikil hættuför og munu fáir þora nema þú og ég.“

Valgerður mælti: „Ef þú fylgir Kára illa þá skalt þú það vita að aldrei skalt þú koma í mína rekkju síðan.“

„Það er líkara húsfreyja,“ segir Björn, „að fyrir öðru þurfi ráð að gera en skilnaði okkar því að ég mun sýna hvaða garpur eða afreksmaður ég er í vopnaskiptum.“

Kári og Björn riðu að Skaftá og voru þar á njósn. Kári bar undir Björn hvað þeir skyldu gera ef Sigfússynir riðu þar ofan af fjallinu. Björn svaraði ýmist að hann vildi flýja sem harðast eða bíða og berjast. Margt töluðu þeir um þetta og þótti Kára að þessu allmikið gaman.

Sigfússynir og menn þeirra áðu við ána eins Kári hafði búist við. Hann gekk út á lítið nes og bað Björn að standa að baki sér og hafa sig ekki mikið frammi, en gera það gagn sem hann gæti.

„Hitt hafði ég ætlað,“ segir Björn, „að hafa engan mann að hlífiskildi en þó er nú þar komið að þú munt ráða.“

Þeir Sigfússynir urðu nú varir við þá og hlupu að þeim. Kári vó strax þann fyrsta sem réðist á hann. Þá skaut Grani Gunnarsson spjóti að honum en Kári greip það á lofti og skaut aftur að Grana. Grani hafði skjöld fyrir sér og fór spjótið í gegnum skjöldinn og lærið og svo í völinn og komst hann ekki af því fyrr en félagar hans drógu hann af. Björn sá að einhver ætlaði að höggva fót undan Kára, hann steig til hliðar og hjó af honum höndina en skaust síðan aftur bak við Kára. Kári slæmdi þá til mannsins sverðinu og hjó hann í sundur í miðju. Þá hljóp Lambi Sigurðarson að Kára og hjó til hans með sverði en Kári brá við skildinum. Kári lagði til hans sverðinu framan í brjóstið svo að út gekk meðal herðanna. Kári vó tvo aðra menn en Björn hafði sært þrjá menn sem höfðu ætlað að vinna á Kára en barðist þó aldrei þannig að neitt reyndi á hann. Hvorki Kári né Björn voru særðir en allir sem

komust undan voru sárir. Kári og Björn æptu á þá þegar þeir flúðu og urðu þeir svo hræddir að þeir þorðu hvergi að nema staðar fyrr en þeir komu til Svínafells. Þótti ferð þeirra hin svívirðilegasta.



Ketill úr Mörk hafði riðið aðra leið og nokkrir menn með honum. Kári og Björn komu þeim að óvörum og kom til harðra átaka. Kári náði að lokum að fella þrjá menn og voru þeir Björn þá báðir orðnir sárir. Þá hljóp Ketill úr Mörk að Kára og lagði til hans spjóti. Kári lyfti fætinum og kom



spjótíð í völlinn. Hann stökk á spjótskaftið og braut það í sundur en þreif Ketil síðan höndum. Björn hljóp þegar til hans og vildi vega Ketil, en Kári stöðvaði hann.

Kári gaf Katli grið og sagðist aldrei myndu drepa hann. Ketill reið þá til Svínafells og sagði tíðindin. Flosi kvaðst ekki viss um að hér næmi staðar. Hann mælti: „Kári er engum manni líkur þeim sem nú er á Íslandi.“

Björn bað Kára að launa sér góða fylgd og segja húsfreyju hans frá bardögunum, því að sér myndi hún aldrei trúa. Þegar þeir komu í Mörk spurði Valgerður: „Hvernig reyndist Björn þér, Kári?“

Hann svarar: „Ber er hver að baki nema sér bróður eigi og gafst Björn mér vel. Var hann mér hinn hallkvæmasti í öllu því er hann mátti.“

Þótti Björn nú miklu meiri maður en áður fyrir sér.



Flosi hlýddi dómsúrskurði og sigldi utan með mönnum sínum. Þeir lentu í slæmu veðri og villum og komu að landi í Hrossey við Orkneyjar. Þeir gengu fyrir Sigurð jarl og kynntu sig. Jarlinn hafði heyrt af brennunni og spurði þegar um

Helga Njálsson hirðmann sinn. Flosi svaraði að hann hefði höggvið af honum höfuðið. Jarl lét þá taka þá alla höndum. Þá kom þar að Þorsteinn Síðu-Hallsson, mágur Flosa, en hann var einnig hirðmaður jarls. Þorsteinn átti marga vini í hirðinni og féllst jarlinn á sættir fyrir tilstilli hans. Sigurður jarl gaf Flosa grið og öllum þeim og hafði á því ríkra manna hátt þannig að Flosi gekk í þá þjónustu sem Helgi Njálsson hafði haft og gerðist hirðmaður jarls.

Kári taldi sig enn eiga harma að hefna. Hann tók sér far með Kolbeini svarta, aldavini sínum frá Orkneyjum. Þeir fréttu af ferðum Flosa og sigldu til Hrosseyjar. Sigurður jarl hélt jólaboð og bauð þangað Sigtryggi konungi af Írlandi og fleiri tignum mönnum en Flosi og menn hans voru í boðinu. Á jóladaginn sjálfan var Gunnar Lambason fenginn til að segja söguna af brennunni og var settur undir hann stóll. Kári og Kolbeinn komu að höllinni þegar Gunnar sagði söguna og hlýddu á hann úti.

„Hvernig þoldi Skarphéðinn í brennunni?“ var spurt.

„Vel fyrst lengi,“ sagði Gunnar, „en þó lauk svo að hann grét.“ Hann hallaði mjög réttu máli og laug til um margt.



Kári stóðst þetta ekki. Hann hljóp inn með sverðið á lofti og hjó á hálsinn á Gunnari svo að höfuðið fauk upp á borðið fyrir framan konunginn. Sigurður jarl þekkti Kára og skipaði mönnum að drepa hann. En Kári hafði verið hirðmaður í Orkneyjum og var allra manna vinsælastur og því stóð enginn upp. Kári mælti: „Það munu margir mæla herra að ég hafi unnið þetta verk fyrir þig að hefna hirðmanns þíns.“ Flosi sefaði reiði jarlsins og fékk Kári þá að fara óhultur. Flosi sagði nú frá brennunni. Bar hann öllum vel söguna og trúðu menn frásögn hans.

Flosi sigldi til Bretlands ásamt mönnum sínum og fór Kári á eftir þeim. Einn af mönnum Flosa fór í borg nokkra, eða kastala, til að kaupa silfur. Kári kom í borgina í þann mund er hann taldi silfrið. Kári hljóp að honum með sverðið á lofti og hjó á háls hans og sagði höfuðið tíu er það fauk af bolnum. Hafði Kári þá vegið fimmtán menn í hefndarskyni með þeim fimm sem þeir Þorgeir vógu saman.

Flosi fór suður um haf og gekk síðan til Rómaborgar. Þar fékk hann svo mikla sæmd að hann tók syndaaflausn af sjálfum páfanum. Hann dvaldist víða á heimleiðinni og aflaði sér mikillar sæmdar en að lokum fór hann heim til Svínafells.



Kári fór til Normandí og gekk þaðan til Rómar en var veturinn eftir á Katanesi. Þann vetur andaðist Helga Njálsdóttir kona hans. Seint um sumarið sigldi hann til Íslands. Veðrið var slæmt er þeir komu að Ingólfshöfða og brotnaði skipið í spón en þó varð mannbjörg. Næsti bær var Svínafell og gengu þeir þangað í kafahrið.

Flosi var í stofu. Hann þekkti Kára er hann kom inn og spratt upp á móti honum og kyssti hann og setti hann í hásæti hjá sér. Flosi bauð Kára að vera þar um veturinn og þáði hann það. Sættust þeir þá heilum sáttum. Flosi gifti Kára Hildigunni bróðurdóttur sína sem áður hafði verið gift Höskuldi Hvítanesgoða. Þau eignuðust þrjá drengi saman, Starkað, Flosa og Þórð.

Og ljúkum við þar Brennu-Njáls sögu.



MEIRA UM SÖGUNA

Brennu-Njáls saga, eða Njála, er ein af Íslendingasögunum en svo kallast þekktustu bókmenntir Íslendinga frá miðöldum. Enginn veit hver skrifaði þær. Njála er einna lengst og flóknust af þessum fornu sögum og engin leið er að gera henni skil í stuttu hefti. Hér var farin sú leið að skipta sögunni í tvennt og eru báðir hlutar þó rækilega styttr. Auðvelt er að nálgast Njálu í heild á bókasafninu eða í bókabúðinni og á netinu. Njála er líka til í skólabókaútgáfu með skýringum og í barnaútgáfu, myndskreyttri endursögn með aukaefni.

Það sem upp á vantar

Þegar löng saga er stytt svona mikið er margt sem verður útundan. Velja þurfti atburði sem gefa góða tilfinningu fyrir sögunni en hafna um leið mörgum spennandi atburðum og persónum. Hér hafa endurteknir atburðir verið sameinaðir og samtöl einfölduð þó að þekkt tilsvör hafi fengið að halda sér. Bardagalýsingar hafa verið styttrar sem og lýsingar á afleiðingum bardaga, það er meiðslum, bótagreiðslum og málaferlum. Molarnir hér á eftir fylla upp í myndina að nokkru leyti en ekkert kemur þó í staðinn fyrir að lesa heildarverkið frá upphafi til enda og lifa sig inn í það.

- Njáll átti fjórða soninn utan hjónabands. Hann hét Höskuldur og var með bræðrum sínum í átökunum við Þráin og var drepinn í hefndarskyni. Sonur hans hefndi hans síðan.
- Þegar Höskuldur Þráinsson þarf goðorð fær Njáll samþykkt á þingi að stofnað verði nýtt dómstig, fimmtardómur, sem nokkurs konar hæstiréttur þeirra tíma. Þar með þarf að fjölga goðorðum í landinu. Ýmis mál í kringum Njál enda síðan fyrir fimmtardómi.
- Liðssöfnun Njálssona eftir víg Höskuldar Hvítanesgoða heldur áfram á Alþingi en gengur illa þar vegna þess hversu dónalegur Skarphéðinn er. Menn lýsa honum hvað eftir annað sem ógæfusömum.
- Síðu-Hallur tengdafaðir Flosa er lykilmaður í sáttum á Alþingi eftir brennuna. Sonur hans er drepinn í átökunum en Hallur lætur hann ógildan (krefst ekki bóta) til að sættir náist. Þingheimur bætir honum þessa góðvild margfalt.
- Fjölmargin frægir höfðingjar koma við sögu í upprunalegu gerðinni, svo sem Guðmundur ríki, Ingjaldur á Keldum, Gissur hvíti, Hjalti Skeggjason, Síðu-Hallur og Snorri goði. Margin þeirra eru þekktir úr öðrum fornum sögum.

Heiður og hefnd

Á þjóðveldisöld, sögutíma Íslendingasagnanna, voru engin yfirvöld í landinu sem gættu öryggis fólks. Hver og einn varði sig og sitt fólk sjálfur. Ef gert var á hluta einhvers varð sá hinn sami að sjá til þess að hinn fengi makleg málagjöld, með því að leita eftir bóttum, höfða mál eða jafnvel hefna. Í Njáls sögu eru dæmi um að menn grípi til vopna fyrir uppnefni eða móðganir. Á þessum tíma skipti heiðurinn eða sæmdin menn miklu máli og atлага að heiðri manns gat kallað á blóðuga hefnd. Stundum er talað um hefndarskyldu, það er að menn hafi orðið að hefna sín til að halda stöðu sinni. Ef einhver var drepinn hvíldi hefndarskyldan á næsta karlmanni í fjölskyldunni (t.d. bróður eða syni). Mikilvægt var að ljúka átökum með sáttum til að koma í veg fyrir áframhaldandi deilur og hefndir.

Goðar

Alþingi var stofnað á Þingvöllum árið 930 og hafði bæði löggjafarvald og dómvald. Ekki var kosið til Alþingis heldur riðu goðarnir (goðorðsmennirnir) til Þingvalla, hver með sinn hóp af fylgismönnum sem kallaðir voru þingmenn. Goðarnir voru höfðingjar í sínu héraði og höfðu þær skyldur gagnvart fylgismönnum sínum að gæta réttlætis og setja niður deilur. Menn gátu t.d. farið til

goðans síns og beðið hann að leita sátta, undirbúa og flytja dómsmál eða framfylgja dómum. Goðarnir stjórnðu héraðsþingum bæði haust og vor þar sem gert var út um smærri mál en stórum málum var skotið til Alþingis. Menn voru ekki skyldugir að vera í goðorði hjá næsta goða, heldur gátu sagt sig í goðorð til annars goða, ef þeir töldu að sá mundi gæta hagsmuna þeirra betur. Það sést í Njálu þegar menn yfirgefa Mörd til að vera með Höskuldi Hvítanesgoða.

Heiðni og kristni

Fyrri hluti Njálu gerist á heiðnum tíma en í síðari hluta hennar er því lýst hvernig Íslendingar gerðust kristnir (um 1000). Sagan af kristnitökunni er þekkt úr öðrum heimildum sem hefur ýtt undir hugmyndir fyrri tíma um að Njála væri sannsögulegt rit. Forlagatrú – að örlög manna séu fyrirfram ráðin – er líka áberandi í Njálu. Þannig er Skarphéðni lýst sem ógæfusömum þegar þeir bræður reyna að safna liði eftir víg Höskuldar. Njáll spáir því hins vegar að ekkert fái stöðvað gæfu Kára. Þessi ógæfa/gæfa ræður úrslitum um hvor þeirra lifir brennuna af.

Mörg dæmi um kristilegan hugsunarhátt eru í síðari hluta Njálu. Ein saga slær þó öllum við. Það er sagan af Ámunda blinda, syni Höskuldar Njálssonar, sem fyrir kraftaverk fær sjón í stutta stund. „Lofaður sért þú

guð, drottinn minn. Sé ég nú hvað þú vilt,“ segir hann og hleypur að banamanni föður síns og heggur hann með öxi í höfuðið. Strax á eftir missir hann sjón á ný. Þessi frásögn minnir á að trúskiptin höfðu lítil áhrif á hefndarhugsunina, blóðhefnd var ekki bönnuð með lögum á Íslandi fyrr en í lok 13. aldar, næstum 300 árum eftir kristnitökuna.

PÆLINGAR

Hafðu hefndarskylduna í huga þegar þú veltir þessu fyrir þér:

Ketill í Mörk er bróðir Práins og föðurbróðir Höskuldar Hvítanesgoða. En hann er tengdasonur Njáls og Bergþóru og mágur Njálssona. Hvort liðið styður hann og hvers vegna? Hvað finnst þér um ákvarðanir hans? Hvernig heldur þú að Þorgerður Njálsdóttir eiginkona hans upplifi þetta?

Flosi og Kári eiga í stríði en samt hefur Flosi þetta að segja um Kára: „Fáum mönnum er Kári líkur og þann veg vildi ég helst skapi farinn vera sem hann er.“ Hvers vegna dáist Flosi að Kára? Hvað finnst þér um Flosa, Kára og ákvarðanir þeirra?









Kári og Hildigunnur frænka Flosa, ekkja Höskuldar, giftast í lok sögunnar. Gæti verið einhver sérstakur tilgangur með þessu hjónabandi? Hvað skíra þau syni sína Þrjá og hvers vegna heldur þú að þau velji þessi nöfn?

Njáll býðst til að taka Höskuld Þráinsson í fóstur, það er að ala hann upp og mennta. Að bjóða barni í fóstur var þekkt leið til að sýna foreldrum þess virðingu. En gæti einhver annar tilgangur búið að baki hjá Njáli? Hvers vegna spyr Njáll Höskuld um dauða föður hans og hvers vegna finnst honum svar drengsins gott?

VILTU LESA MEIRA?

- Fyrri hluti Brennu-Njáls sögu hefur einnig verið gefinn út í þessum flokki. Þar er fylgst með Hallgerði langbrók og Gunnari á Hlíðarenda. Mörður Valgarðsson kemur illu til leiðar þar eins og hér.
- Þú getur fundið ýmsar upplýsingar um Íslendingasögurnar og víkingatímann á þessum vef: www.islendingasogur.is

SÍGILDAR SÖGUR



BRENNU-NJÁLS SAGA

SEINNI HLUTI

Njáll er vitur og friðsamur en synir hans rata í botnlaus vandræði. Skyldi Njáli takast að stilla til friðar eða eru örlög bræðranna ráðin? Dramatíkin gerist varla meiri en í þessum síðari hluta Njálu. Baktal, lygar, víg og hefndir kalla mikinn harm yfir sveitina. Hér stendur bókstaflega allt í björtu báli.



m MENNTAMÁLASTOFNUN

40125

ISBN 978-9979-0-2164-3



9 789979 021643